



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2024
MSS24080078

Samþykkt íbúaráðs Breiðholts um samþættingu vetrarþjónustu hjólastíga við Kópavogsbæ

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 11. september 2024, var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga íbúaráðs Breiðholts, dags. 21. ágúst 2024, sbr. 3. liður fundargerðar sama dag:

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að skoða möguleika á að samþætta forgangsröðun vetrarþjónustu við Kópavogsbæ á stofnstígum hjólréiða í samtali við hagaðila eins og Landsamtök hjólréiðamanna. Lagt er til að samþætting verði aðallega skoðuð við undirgöng yfir í Kópavog við Álfabakka og hjóla- og göngubrú yfir Reykjanesbraut fram hjá Stjörnugróf, Rósagarðinum og niður í Fossvogsdal og stígatengingu úr Kópavogi, þríhyrnd skörun stíganna samhliða sveitarfélagamörkunum inn á stofnbraut hjólastígs við Suður Mjódd hjá Garðheimum.

Tillögunni fylgir greinargerð.
Samþykkt.

Íbúaráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Breiðholts telur mikilvægt að þjónusta fjölbreyttan hóp hjólréiðafólks er hjólar allt árið. Einn liður í því er að samþætta vetrarþjónustu við Kópavogsbæ á stofnstígum hjólréiða sem skilgreindir eru í fyrsta forgangi. Þegar vefsjár sveitarfélaganna eru rýndar sést að forgangshreinsun milli sveitarfélaganna eru ekki samræmdar eins og við og í gegnum undirgöngin við Álfabakka, fjölfarna leið vegfarenda sem koma til og frá skiptistöðinni í Mjódd. Hjóla- og göngubrúin yfir Reykjanesbraut við hliðinni á kanínubrekku er annar leggur sem þarf að samþætta þjónustu við Kópavog þannig að vegfarendur geti tengst inn á stofnstíg hjólréiða í Fossvogsdal með öruggari og hraðari hætti. Um er að ræða stutta leggi en skipta miklu máli bæði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og ýtir undir að fleiri notist við vistvæna ferðamáta.

Fulltrúi íbúasamtaka leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Íbúasamtaka óskar eftir að einnig sé litið til stígs sem liggur frá Lambaseli og yfir að Salahverfi í Kópavogi. Þó nokkuð hefur borið á að stígurinn sé illa ruddur og jafnvel aðeins hjá öðru sveitarfélaginu sem nýtist því ekki sem skildi. Frábært væri að sjá aukið samstarf sveitarfélagana.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að samþykkt íbúaráðs Breiðholts verði tekin til meðferðar í umhverfis- og skipulagsráði.



Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Breiðholts um samþættingu vetrarþjónustu hjólastíga við Kópavogsbæ



Reykjavík, 21. ágúst 2024
MSS24080078

TILLAGA

Fundur íbúaráðs Breiðholts 21. ágúst 2024: Tillaga íbúaráðs Breiðholts um samþættingu vetrarþjónustu hjólastíga við Kópavogsbæ

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að skoða möguleika á að samþætta forgangsröðun vetrarþjónustu við Kópavogsbæ á stofnstígum hjóleiða í samtali við hagaðila eins og Landsamtök hjóleiðamanna. Lagt er til að samþætting verði aðallega skoðuð við undirgöng yfir í Kópavog við Álfabakka og hjóla- og göngubrú yfir Reykjanesbraut fram hjá Stjörnugróf, Rósagarðinum og niður í Fossvogsdal og stígatengingu úr Kópavogi, þríhyrnd skörun stíganna samhliða sveitarfélagamörkunum inn á stofnbraut hjólastígs við Suður Mjódd hjá Garðheimum.

Greinargerð:

Til að þjónusta betur fjölbreyttan hóp hjóleiðafólks er hjólar allan ársins hring vill íbúaráðið leggja til að skoðað verði samþætting við vetrarþjónustu Kópavogsbæjar í fyrsta forgangi tengt stofnstígum hjóleiða. Um sístækkandi hóp er að ræða og brýnt að leita leiða til að þjónusta hópinn sem best þannig að skörun milli sveitafélaga verði sem minnst. Þegar vefsjár sveitarfélaganna eru rýndar sést að forgangshreinsun milli sveitarfélaganna eru ekki samræmdar eins og við og í gegnum undirgöngin við Álfabakka og yfir hjóla- og göngubrúna yfir Reykjanesbraut.

Um er að ræða mikilvæga samgönguæð gangandi og hjólandi yfir í fjölmennustu skiptistöð höfuðborgarsvæðisins, Mjódd. Brýnt er að mokstur sveitarfélaganna í og við undirgöngin séu samræmd, þau verði í sama forgangi og þess verði gætt að tækin, sem ryðja götuna hlaði ekki upp snjó sitthvoru megin við göngin þannig að undirgöngin sjálf fyllist af snjó og hamli för. Samgöngubrúin yfir Reykjanesbraut er mikið notuð og sparar ferðatíma hjá samgönguhjólafólki sem núna þarf að hjóla niður í Elliðaárdal til að komst inn á stofnstíg hjólastígsins í Fossvogi í vetrartíð. Vill ráðið að bætt verði við forgangsmokstur niður Elliðaárdalinn við Kanínubrekkuna yfir samgöngubrúna líka og þeim legg verði bætt við að þeim stað þar sem Kópavogur tekur við en sá leggur nær fram hjá Stjörnugróf, Rósagarðinum og að stofnstíg hjóleiða í Fossvogi sem tengist bak við Tennisvellina.

Hægt er að skoða hitasjá Strava sem sýnir mikla umferð um þessa leið stígakerfis milli tveggja sveitafélaga og brýnt að samhæfa vetrarþjónustu og vorþrif á þessari leið. Telur ráðið brýnt að flýta þessari vinnu í ljósi þess að vetur nálgast og útboð tengt þjónustunni.



Reykjavík